



MENNTA- OG  
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 150 Reykjavík  
sími: 545 9500 · bréfsími: 562 3068  
postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Til grunnskóla og kennaramenntunarstofnana

Reykjavík 5. febrúar 2014  
Tilv.: MMR13110032/6.12.2-

Efni: Tilkynning frá mennta- og menningarmálaráðuneyti um námsmat í grunnskólum

Eins og upplýst hefur verið tók ráðuneytið ákvörðun um að fresta til vorsins 2016 gildistöku nýs námsmats samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla. Nokkur umræða hefur verið um útfærslu á námsmati í lykilhæfni og nýjan matskvarða við lok grunnskóla. Ráðuneytið mun á næstunni skipa vinnuhóp um námsmat sem meðal annars mun fjalla um þessi atriði. Stefnt er að því að niðurstöður vinnuhópsins liggi fyrir áður en vormisseri lýkur. Í kjölfarið verða nánari leiðbeiningar sendar til skóla um framkvæmd námsmats.

Ráðuneytið vill áréttta að þar til endanleg ákvörðun um nýtt námsmat liggur fyrir er mikilvægt að allir grunnskólar skili einkunnum við lok 10. bekkjar í tölustöfum en ekki bókstöfum. Er það til að tryggja jafnræði nemenda við inngöngu í framhaldsskóla óháð búsetu.



Illugi Gunnarsson



Arnór Guðmundsson